



# CE-merkingar fyrir viðarvinnsur

Verkefnið er styrkt af Aski – mannvirkjarannsóknasjóði

Útgáfa lokaskýrslu

Dagssetning 29.janúar 2025

Skýrslan er unnin af : Eiríkur Þorsteinsson og Hlynur Gauti Sigurðsson

**HMS** Húsnæðis- og  
mannvirkjastofnun



Stjórnarráð Íslands  
Innviðaráðuneytið



Stjórnarráð Íslands  
Háskóla-, iðnaðar- og  
nýsköpunarráðuneytið



## Unnið af

Niðurstöður og afrakstur verkefnisins eru eign styrkþega þegar lokaskýrsla hefur verið samþykkt. Hvatt er til að þátttakendur í rannsóknarverkefnum geri samnings sín á milli um eignar- og nýtingarrétt á niðurstöðum og umsóknir einkaleyfa. Ef ekki er um annað samið eiga styrkþegar niðurstöður og afrakstur verkefna í hlutfalli við framlag hvers og eins.

Þátttakandi	Framlag þátttakenda
Hlynur Gauti Sigurðsson Bændasamtök Íslands (BÍ)	Verkefnastjóri
Eiríkur Þorsteinsson Trétækniráðgjöf slf	Verkefnastjóri
Jóhann Gísli Jóhannsson Búgr. skógarbænda hjá BÍ	Formaður búgreinardeildar skógarbænda BÍ (Hagsmunaaðili)
Aðalsteinn Sigurgeirsson Land og skógur	Fulltrúi Land og skógar (Hagsmunaaðili)
Brynjólfur Jónsson Skógræktarfélag Íslands	Framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands(Hagsmunaaðili)

## Unnið fyrir

Þetta verkefni er styrkt af Aski – mannvirkjarannsóknarsjóði. Askur er sjóður í eigu innviðaráðuneytisins og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins. Hlutverk Asks – mannvirkjarannsóknarsjóðs er að veita styrki til mannvirkjamála með áherslu á aukna þekkingu, umbætur og nýsköpun til að mæta samfélagslegum áskorunum á sviði mannvirkjagerðar. Dagleg umsýsla sjóðsins er í höndum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Frekari upplýsingar um sjóðinn eru á vefsíðu hans [hms.is/askur](https://hms.is/askur)

Skýrslan er unnin af ofangreindum höfundum sem eru eigendur skýrslunnar og bera ábyrgð á innihaldi hennar.

## Efnisyfirlit

Unnið af .....	2
Unnið fyrir .....	2
Ágrip verkefnisins .....	4
Tímalína þróunar á styrkflokkun á timbri á Íslandi .....	4
Lýsing á verkefninu .....	5
Flokkun verkefnis eftir áherslum úthlutunar .....	5
Lýsing á verkefninu .....	5
Bakgrunnur og forsaga .....	5
Nýsköpun og samfélagslegar áskoranir .....	6
Hagnýtingargildi og mikilvægi .....	7
Greining hagaðila .....	8
Framkvæmd verkefnisins, niðurstöður og ávinningur .....	9
Framkvæmd verkefnisins .....	9
Niðurstöður .....	11
Ávinningur og árangur .....	11
Viðeigandi myndir .....	12
Skýrsluhöfundar og verkefnisstjórar .....	13
CE-merkingar fyrir viðarvinnslur .....	13
Fylgiskjal 1 .....	14
Framleiðsluhandbók .....	14
Fylgiskjal 2 .....	15
Factory Production control manual .....	15
Fylgiskjal 3 .....	16
EC- Vottorð um framleiðslustýringu í verksmiðu .....	16
Fylgiskjal 4 .....	17
Skýrteini – Styrkflokkun á burðarviði .....	17
Fylgiskjal 5 .....	18
CE- samræmisyfirlýsing .....	18
Fylgiskjal 6 .....	19
CE-merking av VELG I LISTEN .....	19
Fylgiskjal 7 .....	28
Norsk Treteknisk, eyðublað .....	28
Fylgiskjal 8 .....	30
Námsefni .....	30
Fylgiskjal 9 .....	32
Íslenskt timbur, já takk .....	32
Fylgiskjal 10 .....	33
CE merking á íslensku timbri .....	33



## Ágrip verkefnisins

Verkefnið CE merkingar fyrir viðarvinnslur sem vinna með íslenskan efnivið, hlaut viljrði fyrir styrk úr úthlutun Asksins að fjárhæð 4.000.000,- kr

Við upphaf verkefnisins má spyrja viðeigandi spurninga. Vitum við til hvers við stundum nytjaskógrækt? Hvernig er þekking Íslendinga á timburgæðum í dag? Erum við algjörir nýgræðingar?

Við höfum þekkingu á því hvernig við nýtum timbur, frá því fyrstu landnámsmennirnir komu frá Noregi og fram til dagsins í dag, í því hvernig flokka á timbur og umgangast það.

Þegar við höfum að byggja alvöru timburhús fengum við timbur af góðum gæðum frá Noregi (Katalóghúsin komu frá Noregi) og þekking hérlendis á gæðatimbri eflidist til muna.

Síldin kom og síldarkaupmenn gerðust timburkaupmenn á nítjándu öldinni. Rússatimbrið, svo kallaða, var haft í vöruskiptum án þess að nokkrar kröfur væru gerðar til gæða. Þekking á timbri og flokkun fór dvínandi í kjölfarið.

Timbur var flutt inn frá Kanada upp úr 1960 og timburflutningar frá Eistlandi og Lettlandi hófust um 1985. Upp frá því voru gerðar úrbætur á eftirliti með timburgæðum.

### Tímalína þróunar á styrkflokkun á timbri á Íslandi

**1985** Timbur skal vera styrkflokkað samkvæmt byggingareglugerð.

**1987** Staðallinn DS 413 er valinn og kennsla hefst. BYKO og Húsasmiðjan fá réttindi til að styrkflokka timbur.

**1992** Íslenskir timbursala kaupa timburvinnslur í Eistlandi og Lettlandi.

**1992** Ráðgjafi frá Íslandi er fengin til að byggja upp þekkingu á timburvinnslu í Eistlandi og Lettlandi.

**1993** Lettland og Eistland fá réttindi til að flokka timbur

**1997** Nýr samnorrænn staðall tekur gildi, ÍST INSTA 142:1997

**2005** Evrópustaðallinn ÍST EN 14081 tekur gildi og jafnframt **CE merking á burðarviði**.

**2009** Staðallinn ÍST INSTA 142,2 er uppfærður til samræmingar við ÍST EN 14081

**2012** BYKO og Húsasmiðjan fá réttindi til að CE merkja burðarvið sem er vottað af NMI

**2018** NMÍ missir réttindi til faggildingar fyrir CE merkingu.

**2025** Á Fagraðstefnu skógræktar, sem haldin verður á Hallormsstað 26.mars. þar, verður kynnt áætlun um CE merkingu á timbri a fyrstu formlegu leyfin til CE merkinga veittar íslenskum viðarvinnslum

## Lýsing á verkefninu

### Flokkun verkefnis eftir áherslum úthlutunar

Byggingarefni.

### Lýsing á verkefninu

Verklýsing verður samkvæmt skjali GNB-CPD position paper from SG18 - EN 14081 - 1 (sjá viðhengi SG18)

Í meginatriðum snerist verkefnið um eftirfarandi liði:

1. Undirbúning og samræming
2. Samtal við faggildingaraðila og eftirfylgd með innleiðingu vottunaraðila
3. Viðræður við fyrirtæki, aðgreind
4. Að fenginni þátttöku fyrirtækjanna var fundað með faggildingaraðila/vottunaraðila
5. Loks skal heimsækja fyrirtækin og ákveða úttektir og frágang á gagna
6. Samræmisýfirlýsingar og CE-vottorð um framleiðslustýringu í verksmiðju undirritaðar
7. Nú geta þau fyrirtæki unnið sínar vörur og vottað með CE merkingum.

Verkefnið er nú á þeim stað að undirbúningi er lokið, þ.e. liður 1-4. Áður en kemur að næsta lið verður kennt námskeið í flokkun á timbri fyrir forsvarsmenn og starfsmenn viðarvinnsla/ fyrirtækja. Það námskeið er í meðförum IDAN fræðslusetur og er ráðgert að því verði lokið með prófi fyrir þátttakendur, sem það óska, í febrúarmánuði 2025..

Sóttar verða upplýsingar til fyrirtækja í Svíþjóð eða Danmörku sem eru með sambærilega stóra framleiðslu. Fyrirtækin sem ætla að taka þá þátt í verkefninu verða heimsótt og farið yfir þau gögn sem þeir þurfa að leggja fram þegar Norðmennirnir koma og taka út fyrirtækin. Á fagráðstefnunni 26. mars verður haldin fyrirlestur um CE merkinguna og þau fyrirtæki sem taka þátt verða kynnt. Norðmennirnir munu koma í lok ágúst eða byrjun september, þar með lýkur verkefninu.

### Bakgrunnur og forsaga

Íslendingar hafa reynslu af skógarnytjum, sem leiddu til skógarreyðingar. Eyðingin var af framhleyptu frumkvæði forfeðra okkar með minniháttar aðstoð náttúruafla. Aðstæður voru öðruvísi þá en nú og því skal ekki fullyrt frekar um tilætlanir og afdrif gjörða þeirra sem byggðu Ísland.

Nú árið 2025 fáum við leyfi til að merkja íslenskt timbur með CE stimpli, sem Norðmenn munu gefa okkur leyfi fyrir.

Árni Friðriksson, sem var formaður Skógræktarfélag Íslands 1934 -1936, ritaði:

*„Íslensku skógarnir eru svo litlir, strjálir og fábreyttir, að þá vantar þann lífræna töfra kraft, sem grípur ímyndunarafli mannsins tröllefldum tókum, og ef til vill er það þess vegna, að okkur þykir tæplega eins vænt um skógana okkar, eins og öðrum þjóðum, þess vegna erum við "skógarlausu þjóðin í skógarlausu landinu"“.*

Halldór Laxness sagði:

*„Það má sjá auðlegð og velmegun þjóða á því hvernig hún yrkir land sitt“.*

Þetta eru áhugaverð sjónarmið, þessara stórmenna og nú, þegar við erum búnir að ná þessum árangri í skógrækt og viðarvinnslu í dag, 70 árum síðar, munum við í ár fara þrávottagöngu til Brussel til að sanna getur okkar í því hvernig við höfum yrkt landið okkar og vinnum úr afurðunum til að fá aflausnarbréf til vottunar á dugnað okkar. Og til þess þurfum við viðurkenningu frá Norðmönnum, þrátt fyrir alla þekkingu sem við höfum, þekking sem gerði okkur kleift að styrkflokka timbur fyrir byggingar árið 1986 og síðan 2005 samkvæmt nýjum Norrænum staðli. Staðlar sem var stuðst við



Þegar við fórum og aðstoðuðum í Balkanlöndum í 10 ár við að byggja upp þekkingu á styrkflokkun. Nýr Norrænn staðall var skrifaður og var hann tengdur Evrópu staðli til flokkunar á timbri fyrir sjón- og vélflokkun. Nú voru vottanir tengdar flóknu kerfi Evrópu fyrir staðla sem hentaði stóru fyrirtækjunum, kerfi sem er of flókið og dýrt fyrir litla framleiðendur.

Í dag höfum við þekkingu á að rækta betri, kraftmeiri og gjöfulli skóg en uxu á Íslandi við landnám. Ræktunin er reyndar í handahófskenndum skömmtum, hist og her um landið. Við ræktum skóga okkar vel og vandað er til verka. En ef við viljum vera örugg um að eyða ekki skógarauðlindinni aftur þegar harðnar á dalnum, eins og forfeðurnir, þá dugar einfaldlega litla nýskógrækt ekki til.

Í Ágripi verkefnisins, hér á undan, var vikið að þróun viðarnytja yfir aldirnar. Íslendingar eru fljótir að gleyma. Íslensk þjóð er rammgerð en fámenn. Það bendir þó margt til þess að það sé lífsnauðsynlegt að hér standi stór og gjöfull skógur inn í framtíðina. Fyrst er að framleiða tré og í það miklu magni að þekking skógræktar glattist ekki á fáum áratugum. Næst er að auka skógræktar og í framhaldinu viðhalda þekkingu innan menntakerfisins svo smiðir og handleiksfólk hafi gott timbur til afnota í ókoma tíð. **Þar kemur að mikilvægi þessa verkefnis, verkefnis í læsi á gæði timburs.**

Um áratugaskeið hefur ríkisstofnun skógræktar (nokkru áður Skógrækt ríkisins og skömmu áður Skógræktin en er nú Land og skógur) unnið efni úr þjóðskógunum til nytja. CE merkingar eru ekki viðhafðar í vinnslunum. Þær vinnslur sem lengst hafa þróast eru:

- Hallormsstaðaskógur á Austurlandi
- Vaglaskógur á Norðurlandi
- Þjórárdalur á Suðurlandi

Skógræktarfélag um land allt, sem heyra undir Skógræktarfélag Íslands, hafa sum hver hafið viðarvinnslu úr sínum skógum. CE merkingar eru ekki viðhafðar í vinnslunum. Þær vinnslur sem lengst hafa þróast eru:

- Skógræktarfélag Reykjavíkur í Heiðmörk
- Skógræktarfélag Eyfirðinga í Kjarnaskógi
- Skógræktarfélag Árnesinga á Snæfoksstöðum

Mesta landfræðilega aukning skóga hefur verið meðal bænda síðustu þrjú áratugi. Nokkrir bændur hafa nú þegar hafið viðarvinnslu en reikna má með að fleiri hefji slíka vinnslu á næsta áratug með ört stækkandi trjám á sístækkandi svæðum. Gera má ráð fyrir að einhverjar þeirra verði umfangsmiklar og fleiri verði smáar í sniðum, líkt og þróunin hefur verið í Skandinavíu. CE merkingar eru ekki viðhafðar í vinnslunum. Hér er þrjár viðarvinnslur taldar upp en þær hafa skapað sér nafn og verið í fararbroddi á markaðnum fyrir sitt nærsvæði:

- Tandrabretti á Eskifirði
- Skógarafurðir í Fljótsdal
- Silfrastaðir í Skagafirði

### **Nýsköpun og samfélagslegar áskoranir**

Verkefnið er einstakt héraendis því að engin viðarvinnsla, sem vinnur timbur úr íslenskum hráviði, selur frá sér CE merkt timbur. Því eru þetta tímamót fyrir íslenska skógrækt og viðarvinnslu. Með CE merkingu opnast á nýja markaði því CE er alþjóðlega viðurkennd vottun sem mörg byggingafyrirtæki héraendis, sveitarfélög og aðrir, gera kröfu á að sé notuð. Söluaðilar timburs eru krafðir um að selja timbur frá sér sem hefur fengið CE staðfestingu á gæðum þess. Þessi staðfesting mun setja íslenskt timbur í sama verðflokk og innflutt timbur þar sem gæði þess hafa hlotið samskonar mat. Íslenskt timbur mun þá líklega verða söluvænna en það innflutta þar sem það hefur lægra kolefnisspor. Auk þess sem það styður við landbúnað og atvinnusköpun héraendis og styrkir stoðir timburiðnaðar og sjálfbærni samfélagsins.

### **Hagnýtingargildi og mikilvægi**

Beinn samfélagslegur ávinningur verkefnisins er fyrst og fremst uppbygging atvinnuvegar um land allt. Stórar sem smáar viðarvinnsur munu eiga auðveldara um vik að hefja starfsemi, fjölga störfum og selja afurðir sínar til nærsamfélagsins eða víðar.

Verkefnið hefur alls kyns óbeinan ávinning. Fjárhagslegur ávinningur af skógrækt sannar sig með viðarvinnslu og nýskógrækt er eflid enn frekar. Bæði örvar það atvinnusköpun í héraði á meðan ræktun skógarins fer fram, svo sem plöntuframleiðsla, gróðursetning, umhirða og grisjun, ofl. Ekki er síður eftirsóknarverður lífstíll að hafa skóg í sveitum og sér í lagi nábjóli við þéttbýli.

Margir hagaðilar þurfa að koma að málum til að verkefni þetta skili sér með sem bestum árangri. Með árangri er átt við ávinningur þeirra sem munu helst nýta sér hrávið, þ.e. hinn almenni kaupandi timburs. (Hagaðilum er betur lýst hér neðar.) Megin ávinningur verkefnisins fellst í að kaupandi timburs fær í hendurnar áreiðanlegt timbur og sé samtímis á sanngjörnu verði. Ábyrgðin og traustið getur náð yfir nokkra milliliði: Fyrst þarf kaupandinn að treysta söluaðila, svo þarf söluaðili að treysta birgja, sem síðan þarf að treysta á að fagmennska, við mat á gæðum viðarins, hafi verið við lýði. Hér, líkt og víðar gildir það að því færri sem milliliðirnir eru því áreiðanlegri ætti söluvaran að vera, sem og verðið. Í tilvikum, þegar kaupandinn vill kaupa góðan við, en hefur ekki þekkingu á viðargæðum, veltur mikið á að faglegum vinnubrögðum sögunarmanns við flokkun í viðarvinnslnni. Verkefni þetta felst því einkum í tveimur atriðum. Annars vegar þarf verkmaður við sögun og flokkun hafi viðurkennda þekkingu á gæðum timburs og/eða sé í góðri handleiðslu slíks aðila. Hins vegar þarf að gæta að því að starfshættir og aðbúnaður á verkstað feli í sér lágmarks hættu fyrir starfsfólk. Þegar þessum tveimur atriðum ef fullnægt er skilyrðum staðalsins fullnægt og hægt er að selja CE vottað timbur til þriðja aðila.



## Greining hagaðila

Hér verða hagaðilar raktir yfir hefðbundinni virðisikeðju, frá hrávöru til söluvöru.

1. **Ríkið.** Í áratugi hefur ríkið stutt við nytjaskógræktar. Fyrst var skógræktin stunduð á þjóðlendum, svo meðal skógræktarféлага og nú er einnig stutt við skógrækt á lögbýlum.
2. **Almenningur.** Því betur sem nytjaskógrækt gengur og því meiri sem stuðningur ríkisins er, því minni er innflutningur af timbri. Það styrkir gjaldeyrisforða og styður að sjálfbærni þjóðarinnar. Skógrækt kemur víðar við sögu en við gerum okkur grein fyrir.
3. **Skógarbóndi.** Ræktandi skógarins, svo sem skógræktarfélag, ríkið eða skógarbóndi, hefur val um að nýta skóg sinn og þá getur hann ákveðið að saga timbrið sjálfur, a) nýtt sjálfur, b) selt með eða án staðlaðra gæðakrafna eða c) selt til viðarvinnslu/ sögunarmyllu.
4. **Grisjunarverktaki** fellir tré og flokkar bolina eftir stærðum og jafnvel gæðum.
5. **Viðarvinnsla/ Sögunarmylla.** Þegar trjábólur er seldur til viðarvinnslu skal hann helst hafa verið gróf flokkaður áður / eða um leið og hann er fluttur í vinnsluna. Þaðan er viðurinn seldur áfram til birgja eða einhvers annars þriðja aðila.
6. **Byrgi.** Oftast nær er geymslustaður timbursins annað hvort hjá vinnslunni eða hjá söluaðila, sé það ekki sami aðilinn. En það þarf ekki að vera svo. Hver sem kemur til með að geyma timbur þarf að hafa í huga að breytingar geta orðið á rakastigi timbursins sem hefur svo áhrif á gæði þess.
7. **Söluaðili.** Þeir sem hafa timbur til endursölu þurfa söluþóknun fyrir að vera með greiða tengingu inn á hinn söluvána markað.
8. **Kaupandi.** Síðasti hagsmunaaðilinn í keðjunni er sá sem notar timbrið, yfirleitt kaupandi timbursins. Það er mikið atriði að kaupandinn fái það timbur á sambærilegu verði og annað íslenskt timbur í sama gæðaflokki, samkvæmt CE stöðlum.

Greining áhrifa og hagsmuna (Greiningin var unnin af skýrsluhöfundum).

Áhrif/völd	Miklir	Ríkið	Söluaðili <b>Viðarvinnsla</b> <b>Skógarbóndi</b>
	Litlir	Grisjunarverktaki	Birgi <b>Kaupandi</b> Almenningur
		Hagsmunir	Miklir

*Þrír hópar eru feitletraðir því það eru helstu hagaðilar virðisikeðjunnar.*



## Framkvæmd verkefnisins, niðurstöður og ávinningur

### Framkvæmd verkefnisins

Í aðal atriðum var framkvæmd og eftirfylgni verkefnisins á herðum tveggja einstaklinga, þeirra Eiríks Þorsteinssonar, trjátæknis með alþjóða og hálftrar aldar reynslu við mati á timbri, og Hlyns Gauta Sigurðssonar, starfsmanns búgreinardeildar skógarbænda hjá BÍ. Fundahöld og aðrir áfangar við hagaðila úr ólíkum áttum báru dóm af vinnunni og ekki síður skipulag milli funda.

### Upptalning helstu áfanga

#### Febrúar 2024

- > Viðtökur veittar við ASK styrki í salakynnum HMS.
- > Fundur með Þórunni Sigurðardóttur hjá HMS um byggingarstaðla, faggildingar og eftirlit.
- > Fundur með Hrafnhildi Sif Hrafnadóttur hjá HMS um utanumhald við styrkveitingu.
- > Símtal við Tomas Ivarsson hjá Swedish wood technology um eftirfylgni með stöðlum.

#### Mars

- > Fundur með Hrafnhildi, Áróru Árnadóttur hjá Grænni Byggð og Hreini Óskarssyni og Trausta Jóhannessyni hjá Land og skógi um Nýsköpunarviku HMS.

#### Apríl

- > HMS- Nýsköpunarvika.
- > Fundur með Árna H. Kristinssyni hjá BSI um faggildingun.
- > Vettvangsferð í vinnslustöðina í Þjórsárdal til Jóhannesar H. Sigurðssonar og Magnúsar F. Guðmundssonar, starfsmanna Lands og skóga. Erindi var myndbandsupptökur og eftirlit.
- > Myndband um útlitsflokun á timbri var sent Árna hjá BSI til álitsgjafar.
- > Fundur með Jóni Ásgeiri Jónssyni hjá Skógræktarfélagi Íslands um framgang verkefnis.
- > Fundað með Ólafi Ástgeirssyni hjá Iðunni, fræðslusetri, um námskeiðshald.
- > Fundur með Þóreyju og Ólafi í HMS um aðkomu HMS á innleiðingu CE vottunar.
- > Gögn útbúin fyrir vottun og faggildingun (sjá fylgiskjöl).

#### Mái

- > Farið yfir umsögn BSI um faggildingaraðila.
- > Fyrirspurn send til Palle Wisbech Liebum Pedersen og Uffe Hembo hjá skógtækiskólanum í Djursland í Danmörku um aðkomu eftirlitsstofnana með stöðlum. Góð ráð fengin.
- > Ráðstefna á vegum HMS, Íslenskar timburvörur fyrir byggingar.
- > Samtal við Uffe Hombo sem leiddi til frekari tenginga víða.
- > Rætt við Jón Helga, forstjóra BYKO.
- > Rætt við Stefán Árna Einarsson forstjóra Límtré/Vírnet og Einar Bjarnason, gæðastjóra um eftirlit með stöðlum og CE gæðavottun á þeirra framleiðslu. Tenging til Norsk treteknisk.

#### Júní

- > Teams fundur með Norsk treteknisk.
- > Fundað með Ólafi hjá Iðunni fræðslusetri um formsatriði námskeiðs.
- > Út kom grein í Bændablaðinu, 27.júní um námskeiðið.
- > Fundað með Guðrúnu Rögnvalds hjá Hugverkastofnun um CE merkingar.

## September

- > Norsk treteknisk samþykkir að skoða möguleika á CE merkingu.
- > Vettvangsferð í Þjórsárdal með Ivar Horsberg Hansen frá Norsk Treteknisk.
- > Teams fundur þar sem Norsk treteknisk þar sem þeir samþykktu að vinna með okkur í CE merkingu.

## Október

- > Fundað með Ólafi hjá Iðunni fræðslusetri um formsatriði námskeiðs.
- > Málþing skógarbænda er haldið í Sælingsdal þar sem sagt er frá verkefninu.
- > Fundað í húsakynnum Skógræktarfélags Íslands með Jónatan Garðarssyni formanni, Brynjólfi Jónssyni, framkvæmdastjóra og Gunnlaugi Guðjónssyni á Land og skógi. Farið var yfir stöðu staðla af ýmsum gerðum og næstu skref.

## Nóvember

- > Sótt var um í ASK styrktarsjóð til að þróa staðal fyrir ösp.

## 2025...

- > Námskeið í viðargæðamati á vegum Iðunnar hófst 10. janúar.
- > Próf í viðargæðamati á sjónrænu CE gæðakröfum verður í febrúar.
- > Verkefnið gert upp á Fagraðstefnu skógaræktar á Hallormsstað 26-27..mars. Þar munum Eiríkur og Hlynur halda erindi ásamt Ólafi Ásgeirssyni hjá Iðan fræðslusetri.
- > Jan Bramning, fulltrúi frá Norsk TreTeknisk, kemur til Íslands í september, til að taka út viðarvinnslustöðvar.
- > Myndband um verkefnið verður gefið út.

## Niðurstöður

Niðurstaður má segja að séu af tvennum toga. Annars vegar er um að ræða einstaklingsmiðað námsekið og hins vegar aðbúnaðar og- öryggisúttekt á vinnslusvæðum.

### Einstaklingsmiðað námsekið

Tilbúið er námskeið fyrir fólk sem vill getað metið viðargæði við sögun á trjábolum. Það er haldið af lðunni fræðslusetri. Í lok hvers námskeiðs verður þátttakendum boðið að taka stöðupróf og staðfesta getu sína til að meta og flokka timbur eftir gæðum. Standist þátttakandi prófið má hann flokka og merkja við með CE, að því tilskildu að aðstæður viðarvinnslu séu viðunandi.

Reikna má með að slík námskeið verði haldin reglulega hér eftir. Hugsanlega árlega.

### Úttekt vinnslusvæða

Í samvinnu við Norsk TreTeknisk, í milligöngu Límtré/Vírnet, verða vinnslustöðvar teknar út og er þar meðal annars horft til öryggis og aðbúnaðar á vinnustað.

Eftirlit með viðarvinnslum er enn ekki fullmótað inn í framtíðina, en reikna má með eftirfylgni af einhverju tagi. Hvort það verði árlegt eða sjaldnar kemur í ljós við fyrstu úttekt, sem fyrirhuguð er í september 2025.

Reikna má með frekari fréttum á Fagráðstefnu skógaræktar sem haldin verður á Hallormsstað í mars 2025.

### Ávinningur og árangur

Þó raunverulegum árangri sé enn ekki náð er undirbúningsvinnu lokið. Dagskráin er tilbúin og nú veltur allt á þátttöku á námskeiðið hjá lðunni og hvort vinnslustöðvar standist kröfur eftirlits Norsk Treteknisk í september. Gangi allt að óskum geta söluaðilar íslensk timburs selt timbur, vottað eftir gæðakröfum CE fyrir lok þessa árs (2025).

Að svo komnu máli er ekki meira hægt að gera, annað en að bíða og sjá hvort allt gangi eftir.

### Viðeigandi myndir

Hér eru nokkrar myndir af vettvangi við vinnu þessa verkefnis eða myndir sem tengjast innihaldi verkefnisins, beint eða óbeint.



Þjórsárbrú í byggingu



Viðarstæða fyrir borð á Þjórsárbrúna.



Þjórsárbrúin tilbúin til yfiringangs.



Hér má sjá íslenskt timbur á brúargólfinu.



Vegleg viðarstæða



Brotprófanir á límtré úr íslenskum við.



Af vettvangi TreProX ([www.treprox.eu](http://www.treprox.eu)) þar sem kennd eru handtökin við flettingu.

# Skýrsluhöfundar og verkefnisstjórar

CE-merkingar fyrir viðarvinslur

---

Eiríkur Þorsteinsson, verkefnisstjóri.  
Trétækniráðgjöf slf. og höfundur námsgagna og vottunarskjala

---

Hlynur Gauti Sigurðsson, verkefnisstjóri.  
Starfsmaður Búgreinardeildar skógarbænda hjá Bændasamtökum Íslands

Ábyrgðaraðilar fram á haust 2025

---

Ábyrgðaraðili Iðunnar Fræðslusetur  
Ólafur Ástgeirsson

---

Ábyrgðaraðili frá Norsk TreTeknisk  
Jan Bramning

Undirskriftir og dagsetningar þeirra.





## Fylgiskjal 1

### Framleiðsluhandbók

Hér fyrir neðan eru tilvísanir í kafla í ÍST INSTA 142 þegar flett er upp í ÍST EN 14081-1 en ÍST INSTA 142 uppfyllir meginreglur ÍST EN 14081-1 og er vísað til hans í ÍST EN 1912. 5.1.1 Krafa fyrir útlitsstyrkflokkun: Sjá formála, inngang og kafla 1 í ÍST INSTA 142:2009. 5.1.2 Krafa fyrir þurrkað flokkað efni : Sjá kafla 6.1.1 og 6.1.2 í ÍST INSTA 142:2009. 5.1.3 Krafa um rakainnihald: Sjá kafla 6.1.3 í ÍST INSTA 142:2009. Viðarraki er ákveðinn samkvæmt ÍST EN 13183. Kröfur vegna ákveðinna útlitsgalla (t.d. sprungna, vindings og beygja) sem eru takmarkaðar samkvæmt töflum 1, 3, 7, 8 og 11 eru háðar viðarraka þegar það er flokkað. Kröfurnar eru byggðar á að viðarraki sé 20%. Þegar timbur með lágt rakainnihald er flokkað má endurmeta kröfurnar. Þegar timbur með hátt rakainnihald er flokkað skal endurmeta kröfurnar. Timbur sem uppfyllir kröfur í 3.15 í ÍST INSTA 142:2009. Timburstafla sem hefur verið flokkaður með 20% meðalraka eða minna þar sem engin einstök mæling hefur farið yfir 24% [ÍST EN 14081- 1 3.4] er kallað þurrkað flokkað efni og má merkja sem slíkt (ÍST EN 14081-1). Timbur sem er hluti af stafla sem er flokkað með viðmiðunarviðarraka 18% eða minna samkvæmt ÍST EN 14298, er talið uppfylla kröfur fyrir þurrkað timbur. Frávik fyrir 18% viðarraka er  $18 \pm 2,5\%$ . 5.2 Krafa fyrir útlitstyrkflokkaðan burðarvið: Sjá formála í ÍST INSTA 142:2009 - Útlitsstyrkflokkun. Þessi norræni staðall ÍST INSTA 142:2009 er endurskoðun á ÍST INSTA 142:1997. Ekki er fjallað um samsvarandi efni í stöðlum frá CEN og því á kyrrstöðuákvæði ekki við um útgáfu staðalsins. ÍST INSTA 142 uppfyllir meginreglur ÍST EN 14081-1 og er vísað til hans í ÍST EN 1912. 5.2.1 Krafa um hvernig styrkur timburs lækkar við efnisgalla: Sjá kafla 5 í ÍST INSTA 142:2009 - Mælireglur. 5.4 Krafa um endingu viðar: Sjá töflu 6 í ÍST INSTA 142:2009 - Kröfur vegna annarra galla í viðnum. 5.4.1 Krafa um náttúrulega endingu: Sjá töflu 2 í ÍST EN 350-2. 5.5 Krafa um eldvarnarkröfur: Sjá viðauka C í ÍST EN 14081-1. Það þarf að prófa og flokka timbrið samkvæmt staðli EN 13501-1 nema flokk D-s2, d0 sem ekki þarf að flokka nánar. 6.1 Krafa um mat á samhæfni – Almennt: Sjá kafla 6.1.5 í ÍST INSTA 142:2009. - Eigið eftirlit í verksmiðju 6.2 Krafa um upphafsgerðarprófun: Sjá viðauka A í ÍST INSTA 142:2009. 6.3 Krafa um eigið eftirlit í verksmiðju: Sjá kafla 6.1.5 í ÍST INSTA 142:2009. - Eigið eftirlit í verksmiðju Í eftirliti sem fram fer einu sinni á hverri vakt skal skoða viðartegund, vaxtarsvæði, stærð, flokk, viðarraka ef um þurrkað efni er að ræða og stimpill skal yfirfarinn. [Sláðu inn hér] [Sláðu inn hér] ATHUGASEMD 1: Á hverri vakt skal framleiðandinn fullvissa sig um að aðeins þeir starfsmenn sem eru skráðir í handbók verksmiðjueftirlitsins (gæðahandbókinni) yfir viðurkennda flokkara annist flokkunina. Að minnsta kosti árlega skal hæfni starfsmanna prófuð og viðarrakamælir stilltur. ATHUGASEMD 2: Þegar framleiðandi er ekki hæfur til þess að prófa þá sem flokka skal hann ráða undirverktaka sem er hæfur til þess. Starfsmenn skulu prófaðir við eðlilegar daglegar aðstæður. Það þýðir að hver starfsmaður skal að minnsta kosti flokka 50 timbursýni. Verklega prófunin skal vera við eðlilegar verksmiðjuaðstæður, þar sem flokkunarlínan er skoðuð, og það hvort timbrið sé vel sjáanlegt. Flokkunarhraði skal metinn og prófað að flokka í mismunandi flokka. Einnig skal skoða hvernig timbur sem er kastað frá er meðhöndlað. ATHUGASEMD 3: Ef flokkunin er ekki framkvæmd í verksmiðju skal flokkað við eðlilegar aðstæður í staðinn fyrir eðlilegar verksmiðjuaðstæður. Leyfð skekkja upp um flokk er 10% af heildinni. Leyfð skekkja upp um tvo flokka er 5% af heildinni. Með tilliti til kvista, trefjaskekkju og breiddar á áhringjum er leyfð skekkja upp um einn flokk 5%. Sýnataka, skoðun og viðurkennt viðmið sem fram kemur í í CEN/TS 12169 skal fylgja AQL = 10 og úrtaki (S) sem er að minnsta kosti 50 eintök. ATHUGASEMD 4: Í CEN/TS 12169 er notaður tölfræðilegur sýnafjöldi samkvæmt ISO 2859-1. ATHUGASEMD 5: Flokkunarmistök eru það þegar timbur er flokkað of hátt. Timbur sem er flokkað of lágt uppfyllir kröfurnar. Við lágmarksskráningu á flokkuðu timbri þarf að koma fram nafn viðskiptavinar, viðartegund, flokkur, flokkunarstaðall, stærð, yfirborð, raki við flokkun á þurrkuðu timbri, dagsetning, vakt og hver flokkaði. 7. Krafa um merkingu á timbri: Sjá kafla 7 í ÍST INSTA 142:2009 - Merkingar. Ákvæði um merkingar má finna í ÍST EN 1481-1. Sjá einnig meðfylgjandi merkimiða fyrir búnt og stimpil fyrir einstaka spýtu.

## Fylgiskjal 2

### Factory Production control manual

Below are references to chapters in ÍST INSTA 142 when looking up in EN 14081-1 but ÍST INSTA 142 meets the principles of EN 14081-1 and is referred to in EN 1912.

5.1. Classification - General

5.1.1 Requirement for grant appearance classification: See preamble, introduction and chapter 1 of ÍST INSTA 142:2009.

5.1.2 Requirement for Dried Classified Material: See sections 6.1.1 and 6.1.2 of ÍST INSTA 142:2009.

5.1.3 Moisture content requirement: See section 6.1.3 of ÍST INSTA 142:2009. Wood moisture is determined according to ÍST EN 13183. Claims for certain defects in appearance (e.g. cracks, warps and bends) limited according to Tables 1, 3, 7, 8 and 11 are dependent on wood moisture when grading. The requirements are based on a wood moisture of 20%. When timber with a low moisture content is graded, the requirements can be reassessed. When timber with high moisture content is graded, the requirements shall be reassessed. Timber that meets the requirements of 3.15 of ÍST INSTA 142:2009. Timber stacks that have been classified with an average moisture of 20% or less where no individual measurement has exceeded 24% [EN 14081-1, 3.4] is called dried sorted material and may be labelled as such (EN 14081-1). Timber that is part of a stack that is classified with a reference wood moisture of 18% or less according to EN 14298, is considered to meet the requirements for dried timber. The deviation for 18% wood moisture is 18+2/-2.5%.

5.2 Requirement for appearance strength classified structural wood: See the preface to ÍST INSTA 142:2009 - Appearance strength classification. This Nordic standard ÍST INSTA 142:2009 is a revision of ÍST INSTA 142:1997. Corresponding topics are not covered in standards from CEN and therefore a static clause does not apply to the publication of the standard. ÍST INSTA 142 complies with the principles of EN 14081-1 and is referred to in EN 1912.

5.2.1 Requirement for how the strength of timber decreases in the event of material defects: See chapter 5 of ÍST INSTA 142:2009 - Measurement rules.

